

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði merkjadómur á að vera óraskaður.
Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Mánudaginn 18. júlímánaðar.

Nr. 17/1892:

Rjettvísinn
gegn

Halldóri Gestssyni og
Þjóðbjörgu Benjamínsdóttur.

D ó m u r:

Með dómi aukarjettar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, gengnum 25. nóv. f. á., voru hin ákærðu, Halldór Gestsson og stúlkan Þjóðbjörg Benjamínsdóttir, dæmd fyrir sífjaspell samkvæmt 164. gr. hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869, hann til fangelsis við vatn og brauð í 4×5 daga, en hún til fangelsis við venjulegt fangaviðurværi í 40 daga, og skyldu þau auk þess greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað in solidum, þó svo, að hvort fyrir sig greiddi málsvarnarlaun sínum talsmanni í hjerði, ákærði Snæbirni Þorvaldssyni 6 kr., en ákærða Hallgrími Jónssyni 4 kr. En dómi þessum hefur eptir ósk hins ákærða Halldórs Gestssonar og af hálfu hins opinbera, að því bæði hin ákærðu snertir, verið skotið til yfirdómsins.

Það er með eigin jätningu hinna ákærðu, Halldórs Gestssonar, áður bónda á Arkarlæk í Skilmannahreppi, og stúlkunnar Þjóðbjargar Benjamínsdóttur, sem eru fædd, hann 25. okt. 1832 og hún 21. júní 1866, löglega sannað, að þau hafi haft holdlegt samræði saman og átt saman 2 börn, en móðir stúlkunnar hafði áður

fyrir 16—17 árum átt barn með ákærða Halldóri og búið með honum síðan. Það var um sumarið 1889, að hin ákærðu höfðu fyrst afskipti hvort af öðru, og fæddist fyrra barnið sem þau áttu saman um sumarmál 1890, en í júnímánuði sama ár dó móðir ákærðu, bústýra Halldórs, og hafði veikt um haustið fyrir og legið rúmföstallan veturinn. Haustið 1890, 15. sept., var höfðuð sakamálsrannsókn út af nefndri barneign hinna ákærðu, en um sama leyti varð ákærða punguð í síðara skiptið af völdum ákærða, og ól þá barn aptur, 24. júní f. á. Hin ákærðu hafa játað að hafa haft samræði 5 sinnum, 2 sinnum áður en fyrra barnið fæddist, en 3 sinnum síðar. Hin ákærðu hafa fært sjer það til afsökunar, að þau hafi ekki haft hugmynd um, að athæfi þeirra væri að nokkru saknæmt.

Brot hinna ákærðu, sem eigi hafa áður sætt ákæru eða dómi fyrir neitt lagabrot, er rjettilega heimfært af undirdómaranum undir 164. gr. hinna almennu hegningarlaga, og þykir refsing hinna ákærðu hæfilega metin af honum 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð, að því er hinn ákærða Halldór Gestsson snertir, og 40 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, að því hina ákærðu áhrærir. Yfirdómurinn fellst einnig á málskostnaðarákvæði undirdómsins, og ber því að staðfesta hann að öllu leyti. Svo ber hinum ákærðu og að greiða in solidum allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflytningu til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Á rekstri málsins í hjerði hefur orðið töluverður dráttur, en hann þykir eptir atvikum nægilega rjettlættur af veikindum hjeráðsdómarans. Að öðru leyti

hefur meðferð málsins í hjeradi og sókn og vörn þess fyrir yfirdómi verið lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Hjerasdómurinn í máli þessu á óraskaður að standa. Hin ákærðu Halldór Gestsson og Þjóðbjörg Benjamínsdóttir eiga að greiða in solidum allan af áfrýjun máls þessa leiðandi kostnað, þar með talin málflytninguþlaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, yfirrjettarmálflytninguþlaunanna Lárusar Bjarnason og Páls Einarssonar, 10 krónur til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 1. ágústmánaðar.

Nr. 12/1892:

Þorleifur Jónsson ritstjóri
gegn
prófasti Þórarni Bøðvarssyni.

D ó m u r :

Hinn stefndi í máli þessu, prófastur Þórarinn Bøðvarsson, forseti í neðri deild alþingis 1891, höfðaði mál þetta fyrir bæjarþingsrjetti Reykjavíkur, gegn áfrýjandnum, ritstjóra Þorleifi Jónssyni, út af tveimur ritgjörðum í blaði hans Þjóðólfi, 43. árg. nr. 37., dags. 14. ágúst 1891, með fyrirsögn á fyrri ritgjörðinni: »Skólaíðnaður, 11400 kr. — Garðafeðgar«, og hinni síðari: »Misbeitt forsetavaldi«, er hann taldi ritgjörðir þessar mjög meiðandi fyrir sig.

Málið var dæmt í bæjarþingsrjettinum 28. janúar